



**FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

ÍSLENSK MENNINGARVOG
Könnun á menningarneyslu Íslendinga

Janúar 2010

Andrea Dofradóttir
Ásdís Aðalbjörg Arnalds
Guðlaug Júlía Sturludóttir
Friðrik H. Jónsson

Efnisyfirlit

Framkvæmd og heimtur	3
Úrvinnsla	5
Bakgrunnsupplýsingar	6
Niðurstöður.....	9
Aðsókn að menningarviðburðum	9
Bóklestur	33
Fjölmiðlanotkun	38
Þátttaka í uppbyggingu eða rekstri menningarstarfsemi.....	43
Viðhorf til menningar.....	47
Viðauki 1	54
Viðauki 2	55
Viðauki 3	56
Viðauki 4	57
Viðauki 5	58
Viðauki 6	60
Viðauki 7	61
Viðauki 8	62
Viðauki 9	63
Viðauki 10	64
Viðauki 11	65
Viðauki 12	66
Viðauki 13	67
Viðauki 14	68
Viðauki 15	69

Framkvæmd og heimtur

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður símakönnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, haustið 2009. Markmið könnunarinnar var að skoða menningarneyslu Íslendinga. Þátttakendur voru spurðir um þátttöku í mismunandi tegundum menningarviðburða á síðastliðnum 12 mánuðum, bóklestur, fjölmiðlanotkun og einnig var spurt um viðhorf til menningar.

Í úrtaki voru 1200 einstaklingar á aldrinum 18 til 75 ára sem valdir voru með tilviljun úr þjóðskrá. Af þessum náðist í 930 einstaklinga og 695 tóku þátt í könnuninni. Alls töldust 31 einstaklingur til brottfalls vegna búsetu erlendis, fjórir gátu ekki tekið þátt vegna veikinda og níu töluðu ekki íslensku. Þegar tekið er tillit til brottfalls er nettó svarhlutfall í könnuninni 60%, sem telst nokkuð gott í símakönnun, en hér á landi er alla jafna stefnt að því að ná 60% svarhlutfalli í slíkum könnunum (sjá töflu 1).

Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar

Upplýsingasöfnun	9. - 30. nóvember, 2009
Framkvæmdarmáti	Símakönnun
Fjöldi í úrtaki	1200
Fjöldi svarenda	695
Brúttó svarhlutfall	58%
Nettó svarhlutfall	60%

Í töflum 2 til 4 má sjá hvernig svörunin skiptust eftir kyni, aldri og búsetu. Samanburður á fjölda karla og kvenna í úrtakinu og fjölda svara frá körlum og konum sýnir að hlutfallslega fleiri konur en karlar tóku þátt í könnuninni (sjá töflu 2).

Tafla 2. Hlutfallsleg skipting kyns í úrtaki og svörun*

	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall í úrtaki	Fjöldi svarenda	Hlutfall svara	Svarhlutfall
Karlar	608	50,7%	317	45,7%	52,1%
Konur	592	49,3%	376	54,3%	63,5%
Samtals	1200	100%	693	100%	57,8%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Tafla 3 sýnir að aldursdreifing svarenda var nokkuð sambærileg dreifingunni í úrtakinu. Þó voru einstaklingar 60 ára og eldri hlutfallslega fleiri meðal þátttakenda í könnuninni en þeir voru í úrtakinu.

Tafla 3. Hlutfallsleg skipting aldurs í úrtaki og svörun*

	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall í úrtaki	Fjöldi svarenda	Hlutfall svara	Svarhlutfall
18-29 ára	281	23,4%	139	20,1%	49,5%
30-39 ára	231	19,3%	113	16,3%	48,9%
40-49 ára	259	21,6%	150	21,7%	57,9%
50-59 ára	234	19,5%	147	21,2%	62,8%
60 ára og eldri	195	16,3%	143	20,7%	73,3%
Samtals	1200	100%	692	100%	57,7%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Tafla 4 sýnir að ríflega þrjú af hverjum fimm sem lentu í úrtaki voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarbúar voru sömuleiðis 60% svarenda, sem bendir til þess að svarendur gefi nokkuð góða mynd af búsetuskiptingunni í úrtakinu.

Tafla 4. Hlutfallsleg skipting búsetu í úrtaki og svörun

	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall í úrtaki	Fjöldi svarenda	Hlutfall svara	Svarhlutfall
Höfuðborgarsvæði	746	63,2%	422	61,1%	56,6%
Landsbyggð	434	36,8%	269	38,9%	62,0%
Samtals	1180	100%	691	100%	58,6%

Af töflum 2 til 4 má ráða að heldur fleiri konur en karlar svöruðu könnuninni. Sömuleiðis endurspeglar svarendur úrtakið ekki að öllu leyti hvað aldur varðar, þar sem svörun var heldur meiri meðal þeirra sem voru 60 ára og eldri en meðal yngri svarenda.


Úrvinnsla

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri, búsetu, menntun, starfi og því hvort íslenska er móðurmál viðkomandi. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara að baki niðurstöðu taflna og mynda.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til þess að greina hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum mismunandi hópa og er það gefið til kynna með stjörnumerkjum í töflum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem kemur fram meðal svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem kemur fram meðal svarenda sé einnig til staðar meðal Íslendinga á aldrinum 18 til 75 ára (þ.e. í þýði). Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% vissu ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í nokkrum töflum er auk þess að finna skammstöfunina óg sem táknar að kí-kvaðratpróf hafi verið ógilt vegna of fárra svara á bak við hvern hóp. Í þeim tilvikum er ekki hægt að álykta um mun í þýði.

Bakgrunnsupplýsingar

Eftirfarandi myndir og töflur sýna hlutfall svarenda skipt eftir þeim bakgrunnsbreytum sem svör voru greind eftir. Mynd 1 sýnir að konur voru í meirihluta svarenda (55%).




Mynd 1. Kyn svarenda

Meðalaldur svarenda var 45,2 ár og staðalfrávik aldurs var 15,3 ár. Svarendum var skipt upp í fimm hópa eftir aldri. Tafla 5 sýnir að aldurshóparnir voru nokkuð jafnir að stærð, en þó voru hlutfallslega fæstir í aldurshópnum 30-39 ára.

Tafla 5. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir aldri


	Fjöldi	Hlutfall
18-29 ára	139	20,1%
30-39 ára	113	16,3%
40-49 ára	150	21,7%
50-59 ára	147	21,2%
60 ára og eldri	143	20,7%
Alls	692	100%

Mynd 2 sýnir að meirihluti svarenda var búsettur á höfuðborgarsvæðinu (61,1%).



Mynd 2. Búseta svarenda

Mikill meirihluti svarenda átti íslensku að móðurmáli (97,1%) (sjá mynd 3). Þar sem svo fáir áttu annað móðurmál en íslensku voru einungis þrjár spurningar í könnuninni greindar eftir þessum bakgrunnspætti.



Mynd 3. Er íslenska móðurmál þitt?

Svarendur voru spurðir að því hvaða námi þeir hefðu lokið. Tæpur þriðjungur svarenda hafði lokið almennu námi, þ.e. grunnskólaprófi, landsprófi eða gagnfræðaprófi og álíka stór hópur hafði lokið háskólanámi eða sérskólanámi á háskólastigi (sjá töflu 6).

Tafla 6. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir menntun

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Almennt nám	216	31,1%	31,5%
Starfsnám / iðnnám	142	20,4%	20,7%
Bóklegt framhaldsnámi	105	15,1%	15,3%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	223	32,1%	32,5%
Svarar ekki	9	1,3%	
Alls	695	100%	100%

Tafla 7 birtir hlutfallslega skiptingu svarenda eftir störfum. Í spurningalistanum sem lagður var fyrir þátttakendur voru starfsflokkarnir mun fleiri. Þeim var hins vegar fækkað til að einfalda úrvinnslu. Til dæmis voru einungis 4% svarenda heimavinnandi og voru þeir því hafðir í hópi með nemum. Þegar búið var að fækka starfsflokkunum tilheyrðu hlutfallslega flestir svarenda (19%) hópi sérmenntaðs starfsfólks eða tækna (sjá töflu 4).

Tafla 7. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir störfum

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Verka- / þjónustufólk	113	16,3%	16,7%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	98	14,1%	14,5%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	44	6,3%	6,5%
Skrifstofustörf	62	8,9%	9,2%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	130	18,7%	19,2%
Stjórnunarstörf	45	6,5%	6,7%
Nemi / heimavinnandi	110	15,8%	16,3%
Bótaþegar	74	10,6%	10,9%
Svarar ekki	19	2,7%	
Alls	695	100%	100%

Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um menningarneyslu Íslendinga. Svör við spurningum könnunarinnar eru greind eftir kyni, aldri, búsetu, menntun og starfi.

Aðsókn að menningarviðburðum

Tafla 8 sýnir að meirihluti svarenda, eða þrír af hverjum fjórum, hafði sótt kvikmyndahús á síðustu 12 mánuðum. Aldur svarenda tengdist því hvort þeir höfðu sótt kvikmyndahús eða ekki. Því yngri sem svarendur voru, því líklegri voru þeir til að hafa sótt kvikmyndahús. Einnig kom fram munur á svörum eftir búsetu. Höfuðborgarbúar sóttu frekar kvikmyndahús en fólk sem búsett var á landsbyggðinni. Þá reyndist einnig munur á svörum eftir menntun og starfi. Hlutfallslega flestir þeirra sem sótt höfðu kvikmyndahús komu úr röðum framhaldsskóla- (85%) og háskólamenntaðra (87%), en um tveir af hverjum þremur sem lokið höfðu almennu námi, starfsnámi eða iðnnámi höfðu sótt kvikmyndahús síðustu 12 mánuði. Um helmingur bótaþega og þeirra sem stunduðu störf í landbúnaði eða sjávarútvegi höfðu sótt kvikmyndahús á tímabilinu sem um ræðir en það höfðu 90% sérmenntaðs starfsfólks og tækna, nema og þeirra sem voru heimavinnandi gert.

Tafla 8. Sóttir þú kvikmyndahús síðustu 12 mánuði?

	Fjöldi	Já	Nei
Heild	693	75,6%	24,4%
Kyn			
Karl	316	73,4%	26,6%
Kona	375	77,3%	22,7%
Aldur***			
18 - 29 ára	139	92,8%	7,2%
30 - 39 ára	113	91,2%	8,8%
40 - 49 ára	149	81,9%	18,1%
50 - 59 ára	147	59,2%	40,8%
60 ára og eldri	142	56,3%	43,7%
Búseta***			
Höfuðborgarsvæðið	409	85,1%	14,9%
Landsbyggðin	268	60,8%	39,2%
Menntun***			
Almennt nám	215	65,1%	34,9%
Starfsnám / iðnnám	142	66,2%	33,8%
Bóklegt framhaldsnám	104	84,6%	15,4%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	223	87,4%	12,6%
Starf***			
Verka- / þjónustufólk	113	67,3%	32,7%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	97	73,2%	26,8%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	44	47,7%	52,3%
Skrifstofustörf	62	83,9%	16,1%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	130	90,0%	10,0%
Stjórnunarstörf	45	80,0%	20,0%
Nemi / heimavinnandi	110	90,0%	10,0%
Bótaþegar	73	53,4%	46,6%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Þeir sem höfðu sótt kvikmyndahús á síðustu 12 mánuðum voru spurðir hversu oft þeir hefðu farið í kvikmyndahús á tímabilinu. Tafla 9 sýnir að nokkuð mismunandi var hversu oft fólk hafði farið í kvikmyndahús. Ríflega fjórðungur (28%) hafði farið einu sinni eða tvisvar í kvikmyndahús síðustu 12 mánuði og tæplega fjórðungur (23%) tíu sinnum eða oftar. Karlar fóru oftar í kvikmyndahús en konur og það gerði einnig frekar fólk úr yngstu aldurshópunum. Þá sóttu höfuðborgarbúar oftar kvikmyndahús en fólk af landsbyggðinni. Meira en helmingur þeirra sem höfðu lokið bóklegu framhaldsnámi eða háskólanámi (55 - 56%) höfðu farið fimm sinnum eða oftar í kvikmyndahús á síðustu 12 mánuðum en það hafði innan við þriðjungur (31%) þeirra sem höfðu lokið starfsnámi eða iðnnámi gert. Loks kom fram munur á því hversu oft fólk hafði sótt kvikmyndahús eftir því hvaða starfi það gegndi. Hlutfallslega flestir þeirra sem höfðu farið fimm sinnum eða oftar í kvikmyndahús voru nemi eða heimavinnandi (69%). Hins vegar hafði um eða yfir þriðjungur verka- og þjónustufólks, þeirra sem stunduðu faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf, þeirra sem störfuðu í landbúnaði og sjávarútvegi og þeirra sem stunduðu skrifstofustörf farið svo oft í kvikmyndahús á tímabilinu.

Tafla 9. Hversu oft fórstu í kvikmyndahús síðastliðna 12 mánuði?

	Fjöldi	Einu sinni til tvisvar	Þrisvar til fjórum sinnum	Fimm til níu sinnum	Tíu sinnum eða oftar
Heild	519	27,9%	24,7%	24,5%	22,9%
Kyn*					
Karl	230	25,7%	28,7%	20,0%	25,7%
Kona	287	30,0%	21,6%	28,2%	20,2%
Aldur***					
18 - 29 ára	127	10,2%	17,3%	26,8%	45,7%
30 - 39 ára	103	28,2%	22,3%	27,2%	22,3%
40 - 49 ára	120	31,7%	28,3%	25,8%	14,2%
50 - 59 ára	87	35,6%	29,9%	23,0%	11,5%
60 ára og eldri	79	43,0%	27,8%	17,7%	11,4%
Búseta***					
Höfuðborgarsvæðið	345	22,3%	24,1%	27,5%	26,1%
Landsbyggðin	161	41,6%	25,5%	17,4%	15,5%
Menntun***					
Almennt nám	136	36,8%	19,9%	16,9%	26,5%
Starfsnám / iðnnám	94	36,2%	33,0%	14,9%	16,0%
Bóklegt framhaldsnám	88	22,7%	21,6%	26,1%	29,5%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	194	19,6%	25,3%	33,5%	21,6%
Starf***					
Verka- / þjónustufólk	73	38,4%	23,3%	16,4%	21,9%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	71	42,3%	22,5%	19,7%	15,5%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	21	38,1%	28,6%	9,5%	23,8%
Skrifstofustörf	51	29,4%	35,3%	19,6%	15,7%
Sérmenntað starfsfólk og tæknafr	116	15,5%	27,6%	33,6%	23,3%
Stjórnunarstörf	36	30,6%	19,4%	36,1%	13,9%
Nemi / heimavinnandi	99	14,1%	17,2%	28,3%	40,4%
Bótaþegar	39	41,0%	25,6%	17,9%	15,4%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Þátttakendur sem höfðu farið í kvikmyndahús á síðustu 12 mánuðum voru einnig spurðir hvort þeir hefðu séð íslenska kvikmynd í eitthvert þessara skipta. Tafla 10 sýnir að innan við helmingur svarenda hafði farið að sjá íslenska kvikmynd. Konur höfðu frekar farið að sjá íslenska kvikmynd en karlar og það höfðu einnig eldri svarendur frekar gert en hinir yngri. Svarendur sem áttu íslensku að móðurmáli höfðu frekar séð íslenska kvikmynd en þeir sem áttu annað móðurmál en íslensku.

Tafla 10. Förstu að sjá íslenska kvikmynd í eitthvert þessara skipta?

	Fjöldi	Já	Nei
Heild			
	512	46,3%	53,7%
Kyn*			
Karl	227	40,1%	59,9%
Kona	283	51,2%	48,8%
Aldur**			
18 - 29 ára	126	39,7%	60,3%
30 - 39 ára	100	35,0%	65,0%
40 - 49 ára	119	47,1%	52,9%
50 - 59 ára	85	58,8%	41,2%
60 ára og eldri	79	55,7%	44,3%
Búseta			
Höfuðborgarsvæðið	338	47,0%	53,0%
Landsbyggðin	161	45,3%	54,7%
Móðurmál*			
Á íslensku að móðurmáli	495	47,1%	52,9%
Á annað móðurmál en íslensku	13	15,4%	84,6%
Menntun			
Almennt nám	136	41,9%	58,1%
Starfsnám / iðnnám	93	53,8%	46,2%
Bóklegt framhaldsnám	87	43,7%	56,3%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	189	46,6%	53,4%
Starf			
Verka- / þjónustufólk	74	48,6%	51,4%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	70	55,7%	44,3%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	21	47,6%	52,4%
Skrifstofustörf	51	52,9%	47,1%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	115	41,7%	58,3%
Stjómunarstörf	35	40,0%	60,0%
Nemi / heimavinnandi	95	40,0%	60,0%
Bótaþegar	38	50,0%	50,0%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Tafla 11 sýnir að 60% svarenda höfðu sótt leikhús, óperu eða söngleik á síðustu 12 mánuðum. Konur höfðu frekar sótt slíka sýningu en karlar. Um 71% þeirra sem voru á aldrinum 50 til 59 ára hafði sótt leikhús, óperu eða söngleik á síðustu 12 mánuðum en innan við helmingur (47,5%) þeirra sem var á aldrinum 18 til 29 ára. Höfuðborgarbúar höfðu frekar sótt leikhús, óperu eða söngleik en þeir sem búsettir voru á landsbyggðinni. Innan við helmingur þeirra sem lokið hafði almennu námi hafði sótt leikhús, óperu eða söngleik á tímabilinu sem um ræðir. Hið sama átti hins vegar við um 73% þeirra sem lokið höfðu háskólanámi. Þá komu hlutfallslega flestir þeirra sem sótt höfðu leikhús, óperu eða söngleik á síðustu 12 mánuðum úr röðum sérmenntaðs starfsfólks og tækna (75%) og stjórnenda (73%), en innan við helmingur bótaþega hafði sótt slíka sýningu.

Tafla 11. Sóttir þú leikhús, óperu eða söngleik að undanskildum skólasýningum, síðustu 12 mánuði?

	Fjöldi	Já	Nei
Heild			
	691	60,1%	39,9%
Kyn***			
Karl	314	50,6%	49,4%
Kona	375	67,7%	32,3%
Aldur**			
18 - 29 ára	139	47,5%	52,5%
30 - 39 ára	113	61,9%	38,1%
40 - 49 ára	149	61,1%	38,9%
50 - 59 ára	147	70,7%	29,3%
60 ára og eldri	140	57,9%	42,1%
Búseta**			
Höfuðborgarsvæðið	407	64,9%	35,1%
Landsbyggðin	268	52,2%	47,8%
Menntun***			
Almennt nám	213	47,9%	52,1%
Starfsnám / iðnnám	142	54,9%	45,1%
Bóklegt framhaldsnám	104	64,4%	35,6%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	223	73,1%	26,9%
Starf***			
Verka- / þjónustufólk	112	53,6%	46,4%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	97	51,5%	48,5%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	44	54,5%	45,5%
Skrifstofustörf	62	64,5%	35,5%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	130	75,4%	24,6%
Stjórnunarstörf	45	73,3%	26,7%
Nemi / heimavinnandi	110	58,2%	41,8%
Bótaþegar	73	45,2%	54,8%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$


Þeir sem sótt höfðu leikhús, óperu eða söngleik á síðustu 12 mánuðum voru spurðir að því hversu oft þeir höfðu sótt slíkar sýningar. Tafla 12 sýnir að þriðjungur svarenda hafði farið á eina sýningu á tímabilinu, fjórðungur hafði sótt tvær, álíka stór hópur hafði sótt þrjár til fjórar sýningar en 17% svarenda höfðu farið fimm sinnum eða oftar í leikhús, að sjá óperu eða söngleik. Konur höfðu sótt leikhús, óperu eða söngleik oftar en karlar. Einnig kom fram munur á því hversu oft fólk hafði farið á sýningu eftir búsetu. Höfuðborgarbúar höfðu sótt leikhús, óperu eða söngleik oftar en svarendur af landsbyggðinni. Þá höfðu einstaklingar sem lokið höfðu framhaldsskóla- eða háskólanámi sótt fleiri sýningar en fólk sem var með styttri skólagöngu að baki.

Tafla 12. Hversu oft fórstu í leikhús, á óperu eða söngleik að undanskildum skólasýningum?

	Fjöldi	Einu sinni	Tvisvar	Þrisvar til fjórum sinnum	Fimm sinnum eða oftar
Heild	411	34,5%	25,1%	23,4%	17,0%
Kyn*					
Karl	158	41,1%	25,3%	23,4%	10,1%
Kona	251	30,3%	24,7%	23,5%	21,5%
Aldur					
18 - 29 ára	65	43,1%	18,5%	21,5%	16,9%
30 - 39 ára	70	45,7%	22,9%	18,6%	12,9%
40 - 49 ára	90	33,3%	33,3%	20,0%	13,3%
50 - 59 ára	104	30,8%	24,0%	26,9%	18,3%
60 ára og eldri	79	24,1%	22,8%	29,1%	24,1%
Búseta***					
Höfuðborgarsvæðið	262	28,2%	22,5%	27,1%	22,1%
Landsbyggðin	138	47,8%	29,7%	15,9%	6,5%
Menntun*					
Almennt nám	100	47,0%	25,0%	21,0%	7,0%
Starfsnám / iðnnám	76	40,8%	32,9%	18,4%	7,9%
Bóklegt framhaldsnám	67	31,3%	23,9%	23,9%	20,9%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	163	25,2%	22,7%	25,8%	26,4%
Starf					
Verka- / þjónustufólk	60	40,0%	25,0%	23,3%	11,7%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	50	34,0%	30,0%	24,0%	12,0%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	23	56,5%	30,4%	8,7%	4,3%
Skrifstofustörf	40	35,0%	25,0%	22,5%	17,5%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	98	25,5%	23,5%	24,5%	26,5%
Stjórnunarstörf	33	27,3%	30,3%	30,3%	12,1%
Nemi / heimavinnandi	63	41,3%	20,6%	17,5%	20,6%
Bótáþegar	31	35,5%	22,6%	25,8%	16,1%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Þeir sem sóttu leikhús, óperu eða söngleik á síðustu 12 mánuðum voru spurðir hvers konar sýningar þeir sóttu. Mynd 4 sýnir að yfirleitt var um leikrit að ræða. Um 95% svarenda höfðu séð leikrit, um fjórðungur (28%) sáu söngleik en einungis einn af hverjum tíu (11%) sá óperu.



Mynd 4. Hvers konar sýningar sóttir þú síðastliðna 12 mánuði?

Kannað var hvers konar leikhús fólk hafði sótt sýningar hjá. Í töflu 13 kemur fram að af þeim sem höfðu séð leikrit á síðustu 12 mánuðum hafði mikill meirihluti (95%) farið í atvinnuleikhús. Sömuleiðis hafði mikill meirihluti þeirra sem hafði farið á óperu séð sýninguna í atvinnuleikhúsi (89%) og hið sama átti við um þá sem höfðu séð söngleik (89%). Lista yfir annars konar leikhús en atvinnuleikhús og áhugamannaleikhús er að finna í viðauka 1.

Tafla 13. Var leikhúsið atvinnuleikhús, áhugamannaleikhús eða annars konar leikhús?

	Fjöldi	Hlutfall svara
Í hvers konar leikhúsi var <i>leikritið</i> sýnt?		
Atvinnuleikhúsi	366	94,6%
Áhugamannaleikhúsi	70	18,1%
Annars konar leikhúsi	9	2,3%
Í hvers konar leikhúsi var <i>óperan</i> sýnd?		
Atvinnuleikhúsi	41	89,1%
Áhugamannaleikhúsi	6	13,0%
Annars konar leikhúsi	1	2,2%
Í hvers konar leikhúsi var <i>söngleikurinn</i> sýndur?		
Atvinnuleikhúsi	99	90,1%
Áhugamannaleikhúsi	14	12,6%
Annars konar leikhúsi	0	0,0%

Tafla 14 sýnir að meirihluti svarenda (59%) hafði sótt tónleika á síðustu 12 mánuðum. Hlutfallslega fleiri konur en karlar höfðu sótt tónleika og einnig var meira um að höfuðborgarbúar hefðu sótt tónleika en landsbyggðarfólk. Einnig var munur á því hvort fólk hafði sótt tónleika eða ekki eftir menntun þess og starfi. Þeir sem höfðu lokið bóklegu framhaldsnámi eða voru háskólamenntaðir höfðu frekar sótt tónleika (68 - 69%) en þeir sem lokið höfðu almennu námi eða starfs- eða iðnnámi (50 - 51%). Hlutfallslega flestir þeirra sem sótt höfðu tónleika voru stjórnendur (84%) en hið sama átti við um helming starfsfólks í landbúnaði eða sjávarútvegi, fólks sem gegndi faglærðum iðnaðarstörfum eða sérhæfðum störfum og verka- og þjónustufólks.

Tafla 14. Sóttir þú tónleika að undanskildum skólatónleikum síðustu 12 mánuði?

	Fjöldi	Já	Nei
Heild	690	58,6%	41,4%
Kyn**			
Karl	316	52,2%	47,8%
Kona	372	64,0%	36,0%
Aldur			
18 - 29 ára	138	60,9%	39,1%
30 - 39 ára	113	56,6%	43,4%
40 - 49 ára	147	51,0%	49,0%
50 - 59 ára	147	66,0%	34,0%
60 ára og eldri	142	58,5%	41,5%
Búseta*			
Höfuðborgarsvæðið	407	61,9%	38,1%
Landsbyggðin	267	52,8%	47,2%
Menntun***			
Almennt nám	215	49,8%	50,2%
Starfsnám / iðnnám	141	51,1%	48,9%
Bóklegt framhaldsnám	104	69,2%	30,8%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	221	67,9%	32,1%
Starf***			
Verka- / þjónustufólk	113	51,3%	48,7%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	97	45,4%	54,6%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	44	47,7%	52,3%
Skrifstofustörf	62	62,9%	37,1%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	128	65,6%	34,4%
Stjómunarstörf	45	84,4%	15,6%
Nemi / heimavinnandi	110	62,7%	37,3%
Bótabegar	72	55,6%	44,4%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$


Þeir sem höfðu sótt tónleika á síðustu 12 mánuðum voru spurðir hversu oft þeir hefðu gert slíkt. Tafla 15 sýnir að um 30% svarenda höfðu sótt eina tónleika, rúmur fjórðungur (26%) hafði sótt tvenna tónleika, um fimmtingur (21%) þrjá til fjóra tónleika og fjórðungur (23%) hafði sótt tónleika fimm sinnum eða oftár. Hlutfallslega flestir þeirra sem sótt höfðu tónleika fimm sinnum eða oftár voru á aldrinum 18 til 29 ára (38%). Þeir sem lokið höfðu bóklegu framhaldsnámi eða námi á háskólastigi höfðu einnig sótt fleiri tónleika en þeir sem höfðu lokið almennu námi og starfsnámi eða iðnnámi. Til dæmis höfðu 28 til 29% framhaldsskóla- eða háskólamenntaðra sótt tónleika fimm sinnum eða oftár undangengna 12 mánuði samanborið við 16 til 19% þeirra sem höfðu lokið almennu námi eða höfðu starfs- eða iðnmenntun.

Tafla 15. Hversu oft sóttir þú tónleika?

	Fjöldi	Einu sinni	Tvisvar	Þrisvar til fjórum sinnum	Fimm sinnum eða oftár
Heild	534	29,8%	26,2%	20,8%	23,2%
Kyn					
Karl	224	30,8%	25,9%	20,1%	23,2%
Kona	308	28,6%	26,6%	21,4%	23,4%
Aldur*					
18 - 29 ára	106	22,6%	17,9%	21,7%	37,7%
30 - 39 ára	91	33,0%	29,7%	16,5%	20,9%
40 - 49 ára	111	34,2%	27,0%	20,7%	18,0%
50 - 59 ára	123	35,0%	23,6%	22,0%	19,5%
60 ára og eldri	100	22,0%	34,0%	23,0%	21,0%
Búseta					
Höfuðborgarsvæðið	333	26,4%	28,8%	20,4%	24,3%
Landsbyggðin	187	35,8%	21,4%	21,9%	20,9%
Menntun*					
Almennt nám	145	37,9%	26,2%	17,2%	18,6%
Starfsnám / iðnnám	103	33,0%	26,2%	25,2%	15,5%
Bóklegt framhaldsnám	86	25,6%	27,9%	18,6%	27,9%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	194	22,2%	26,3%	22,2%	29,4%
Starf					
Verka- / þjónustufólk	79	43,0%	24,1%	15,2%	17,7%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	70	28,6%	25,7%	25,7%	20,0%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	28	39,3%	25,0%	25,0%	10,7%
Skrifstofustörf	52	28,8%	32,7%	23,1%	15,4%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	115	23,5%	25,2%	20,9%	30,4%
Stjórnumarstörf	40	25,0%	32,5%	12,5%	30,0%
Nemi / heimavinnandi	89	28,1%	22,5%	18,0%	31,5%
Bótaþegar	46	23,9%	32,6%	26,1%	17,4%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Spurt var hvaða tegund tónlistar var flutt á tónleikunum. Nefna mátti fleiri en eina tegund tónlistar ef svarendur höfðu sótt fleiri en eina tónleika. Af þeim sökum er samanlagt hlutfall í mynd 5 hærra en 100%. Myndin sýnir að meirihluti svarenda (63%) hafði sótt dægurlagatónleika og 42% höfðu sótt klassíska tónleika, en mun óalgengara var að fólk hafði sótt jasstónleika eða tónleika þar sem flutt var kirkjutónlist (18 - 25%). Lista yfir annars konar tónlist sem nefnd var er að finna í viðauka 2.



Mynd 5. Hvaða tegund tónlistar var flutt á tónleikunum?

Tafla 16 sýnir að einungis 6% svarenda höfðu sótt danssýningu á síðustu 12 mánuðum. Hlutfallslega fleiri konur (9%) en karlar (4%) höfðu sótt danssýningu og það hafði háskólamenntað fólk einnig frekar gert (11%) en fólk sem hafði annars konar menntun (3 - 4%).

Tafla 16. Sóttir þú danssýningu að undanskildum skólasýningum síðustu 12 mánuði?

	Fjöldi	Já	Nei
Heild			
	693	6,2%	93,8%
Kyn**			
Karl	316	3,5%	96,5%
Kona	375	8,5%	91,5%
Aldur			
18 - 29 ára	139	7,2%	92,8%
30 - 39 ára	113	4,4%	95,6%
40 - 49 ára	149	8,1%	91,9%
50 - 59 ára	147	4,8%	95,2%
60 ára og eldri	142	6,3%	93,7%
Búseta			
Höfuðborgarsvæðið	409	7,8%	92,2%
Landsbyggðin	268	4,1%	95,9%
Menntun**			
Almennt nám	215	4,2%	95,8%
Starfsnám / iðnnám	142	2,8%	97,2%
Bóklegt framhaldsnám	104	3,8%	96,2%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	223	11,2%	88,8%
Starf óg			
Verka- / þjónustufólk	113	2,7%	97,3%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	97	3,1%	96,9%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	44	2,3%	97,7%
Skrifstofustörf	62	6,5%	93,5%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	130	11,5%	88,5%
Stjórnunarstörf	45	13,3%	86,7%
Nemi / heimavinnandi	110	5,5%	94,5%
Bótaþegar	73	6,8%	93,2%


* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Tafla 17 sýnir að flestir þeirra sem sóttu danssýningu á síðustu 12 mánuðum höfðu farið á eina sýningu á tímabilinu. Þar sem um fáa svarendur var að ræða var ekki unnt að greina spurninguna eftir bakgrunnspáttum.

Tafla 17. Hversu oft sóttir þú danssýningu?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Einu sinni	24	3,5%	55,8%
Tvisvar	11	1,6%	25,6%
Þrisvar	3	0,4%	7,0%
Fjórum sinnum	2	0,3%	4,7%
Fimm til níu sinnum	1	0,1%	2,3%
Tíu til nítján sinnum	2	0,3%	4,7%
Svarar ekki	2	0,3%	
Sótti ekki danssýningu	650	93,5%	
Alls	695	100%	100%

Þess ber að geta að einungis 43 svör standa að baki mynd 6, en myndin sýnir að meirihluti þeirra sem sótt hafði danssýningu á síðustu 12 mánuðum hafði séð ballett eða nútímadans hjá dansflokki (68%). Fjórðungur hafði séð samkvæmisdans og 12% annars konar danssýningu. Lista yfir annars konar danssýningar sem svarendur höfðu sótt er að finna í viðauka 3. Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er samanlagt hlutfall svara yfir 100%.



Mynd 6. Hvers konar danssýningu sóttir þú?

Tafla 18 sýnir að rúmur helmingur svarenda (53%) hafði sótt listasafn eða myndlistarsýningu á síðustu 12 mánuðum. Hlutfallslega fleiri konur (61%) en karlar (43%) höfðu farið á listasafn eða myndlistarsýningu. Það höfðu svarendur úr elstu aldurshópnum (50 ára og eldri) einnig frekar gert en yngri svarendur. Alls höfðu 62% svarenda úr aldurshópnum 50 til 59 ára og 59% svarenda 60 ára og eldri sótt listasafn eða myndlistarsýningu en hið sama átti við um 38% svarenda á aldrinum 18 til 29 ára. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu höfðu frekar sótt listasafn eða myndlistarsýningu en þeir sem búsettir voru á landsbyggðinni. Þá höfðu 60% þeirra sem lokið höfðu bóklegu framhaldsnámi og 68% háskólamenntaðra sótt safn eða sýningu á sama tíma og 38% fólks sem lokið hafði almennu námi. Loks kom fram munur á því hvort fólk hafði sótt listasafn eða myndlistarsýningu eftir því hvaða starfi það gegndi. Hlutfallslega flestir þeirra sem sótt höfðu safn eða sýningu voru stjórnendur (76%) og sérmenntað starfsfólk og tæknar (72%) en innan við fjórðungur starfsmanna í landbúnaði eða sjávarútvegi hafði farið á listasafn eða myndlistarsýningu á tímabilinu sem um ræðir.

Tafla 18. Sóttir þú listasafn eða myndlistarsýningu síðustu 12 mánuði?

	Fjöldi	Já	Nei
Heild	692	52,6%	47,4%
Kyn***			
Karl	316	42,7%	57,3%
Kona	374	61,2%	38,8%
Aldur**			
18 - 29 ára	138	38,4%	61,6%
30 - 39 ára	113	50,4%	49,6%
40 - 49 ára	149	52,3%	47,7%
50 - 59 ára	147	61,9%	38,1%
60 ára og eldri	142	59,2%	40,8%
Búseta***			
Höfuðborgarsvæðið	408	59,1%	40,9%
Landsbyggðin	268	41,8%	58,2%
Menntun***			
Almennt nám	214	37,9%	62,1%
Starfsnám / iðnnám	142	45,8%	54,2%
Bóklegt framhaldsnám	104	60,6%	39,4%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	223	68,2%	31,8%
Starf***			
Verka- / þjónustufólk	113	36,3%	63,7%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	97	41,2%	58,8%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	44	22,7%	77,3%
Skrifstofustörf	62	61,3%	38,7%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	130	72,3%	27,7%
Stjómunarstörf	45	75,6%	24,4%
Nemi / heimavinnandi	109	51,4%	48,6%
Bótáþegar	73	56,2%	43,8%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Þeir sem höfðu sótt listasafn eða myndlistarsýningu á síðustu 12 mánuðum voru spurðir hversu oft þeir hefðu gert slíkt. Tafla 19 sýnir að fjórðungur hafði farið á eitt safn eða eina sýningu, ívið fleiri höfðu farið tvisvar (27%), 21% hafði sótt þrjár eða fjórar sýningar og rúmur fjórðungur hafði farið á listasafn eða myndlistarsýningu fimm sinnum eða oftár á síðustu 12 mánuðum. Svarendur sem voru 60 ára og eldri höfðu farið á flest söfn eða sýningar og höfuðborgarbúar höfðu einnig farið á fleiri söfn eða sýningar en landbyggðarfólk.

Tafla 19. Hversu oft sóttir þú listasafn eða myndlistarsýningu?

	Fjöldi	Einu sinni	Tvisvar	Þrisvar til fjórum sinnum	Fimm sinnum eða oftár
Heild	363	25,6%	27,0%	20,9%	26,4%
Kyn					
Karl	135	28,1%	31,1%	17,8%	23,0%
Kona	228	24,1%	24,6%	22,8%	28,5%
Aldur*					
18 - 29 ára	53	34,0%	37,7%	13,2%	15,1%
30 - 39 ára	57	36,8%	24,6%	15,8%	22,8%
40 - 49 ára	78	23,1%	34,6%	17,9%	24,4%
50 - 59 ára	91	23,1%	19,8%	29,7%	27,5%
60 ára og eldri	83	18,1%	22,9%	22,9%	36,1%
Búseta**					
Höfuðborgarsvæðið	240	20,0%	26,7%	23,8%	29,6%
Landsbyggðin	112	38,4%	26,8%	16,1%	18,8%
Menntun					
Almennt nám	80	31,3%	30,0%	21,3%	17,5%
Starfsnám / iðnnám	65	35,4%	27,7%	18,5%	18,5%
Bóklegt framhaldsnám	63	28,6%	27,0%	20,6%	23,8%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	152	17,8%	25,0%	21,7%	35,5%
Starf					
Verka- / þjónustufólk	41	29,3%	22,0%	29,3%	19,5%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	40	25,0%	22,5%	25,0%	27,5%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	10	70,0%	10,0%	20,0%	0,0%
Skrifstofustörf	37	21,6%	37,8%	8,1%	32,4%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	94	19,1%	25,5%	20,2%	35,1%
Stjórnunarstörf	34	23,5%	26,5%	26,5%	23,5%
Nemi / heimavinnandi	56	28,6%	35,7%	16,1%	19,6%
Bótabegar	41	29,3%	22,0%	26,8%	22,0%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$


Þátttakendur í rannsókninni voru einnig spurðir hvort þeir hefðu sótt safn eða sýningu af öðrum toga en listasafn og myndlistarsýningu á síðustu 12 mánuðum og sögðust 46% þátttakenda hafa gert það (sjá töflu 20). Hlutfallslega fleiri konur en karlar höfðu sótt annars konar sýningu en listasafn og myndlistarsýningu. Þegar svör við spurningunni voru greind eftir aldri kom í ljós að yfir helmingur fólks í aldurshópunum 50 til 59 ára og 60 ára og eldri (54 – 57%) höfðu farið á safn eða sýningu af öðrum toga en það höfðu færri í yngri hópunum gert og innan við þriðjungur fólks á aldrinum 18 til 29 ára. Hlutfallslega flestir þeirra sem höfðu sótt annars konar safn eða sýningu voru háskólamenntaðir. Um 56% háskólamenntaðra hafði farið á safn eða sýningu af öðrum toga á síðustu 12 mánuðum en hið sama átti við um 35% þeirra sem lokið höfðu almennu námi. Loks voru tengsl milli starfsstéttar og þess hvort fólk hafði sótt safn eða sýningu af öðrum toga en listasafn eða myndlistarsýningu. Um 57% sérmenntaðs starfsfólks og tækna hafði farið á annars konar safn eða sýningu en það sama átti við um 37% verka- og þjónustufólks og nema og heimavinnandi.

Tafla 20. Sóttir þú safn eða sýningu af öðrum toga en listasafn og myndlistarsýningu síðustu 12 mánuði?

	Fjöldi	Já	Nei
Heild	691	45,7%	54,3%
Kyn*			
Karl	315	41,6%	58,4%
Kona	374	49,2%	50,8%
Aldur***			
18 - 29 ára	139	30,2%	69,8%
30 - 39 ára	113	37,2%	62,8%
40 - 49 ára	147	47,6%	52,4%
50 - 59 ára	147	56,5%	43,5%
60 ára og eldri	142	54,2%	45,8%
Búseta			
Höfuðborgarsvæðið	408	44,6%	55,4%
Landsbyggðin	267	47,2%	52,8%
Menntun***			
Almennt nám	215	35,3%	64,7%
Starfsnám / iðnnám	142	47,2%	52,8%
Bóklegt framhaldsnám	103	41,7%	58,3%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	222	56,3%	43,7%
Starf*			
Verka- / þjónustufólk	113	37,2%	62,8%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	97	45,4%	54,6%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	43	41,9%	58,1%
Skrifstofustörf	62	45,2%	54,8%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	129	57,4%	42,6%
Stjórnumarstörf	45	48,9%	51,1%
Nemi / heimavinnandi	110	37,3%	62,7%
Bótaþegar	73	46,6%	53,4%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Kannað var hvers konar safn eða sýningu var um að ræða. Mynd 7 sýnir að hlutfallslega flestir þeirra sem sótt höfðu safn eða sýningu af öðrum toga en listasafn eða myndlistarsýningu höfðu sótt minja- eða byggðasafn, eða 83%. Rúmur helmingur hafði sótt handverks- eða hönnunarsýningu og 16% hafði farið á annars konar safn. Lista yfir annars konar söfn sem nefnd voru er að finna í viðauka 4. Vegna þess að nefna mátti fleiri en eitt atriði, er samanlagt hlutfall svara hærra en 100%.



Mynd 7. Hvers konar safn eða sýningu af öðrum toga sóttir þú?

Alls hafði 61% svarenda sótt sögustaði heim á síðustu 12 mánuðum (sjá töflu 21). Höfuðborgarbúar höfðu frekar sótt sögustaði en landsbyggðarfólk. Þá höfðu þeir sem lokið höfðu bóklegu framhaldsnámi eða háskólanámi frekar sótt sögustaði (69%) en þeir sem lokið höfðu almennu námi eða starfs- eða iðnnámi (50 – 51%). Loks störfuðu hlutfallslega flestir þeirra sem sótt höfðu sögustaði við stjórnunarstörf, voru sérmenntaðir eða tæknar, unnu við skrifstofustörf eða voru nemar eða heimavinnandi (67 - 76%). Hið sama gildi um nokkuð færri í hinum hópunum. Um og innan við helmingur starfsfólks í landbúnaði og sjávarútvegi, verka- og þjónustufólks sem og bótaþega höfðu sótt sögustaði heim.

Tafla 21. Sóttir þú sögustaði síðustu 12 mánuði?

	Fjöldi	Já	Nei
Heild			
	691	61,2%	38,8%
Kyn			
Karl	314	58,9%	41,1%
Kona	375	63,2%	36,8%
Aldur			
18 - 29 ára	139	57,6%	42,4%
30 - 39 ára	113	62,8%	37,2%
40 - 49 ára	149	65,1%	34,9%
50 - 59 ára	146	60,3%	39,7%
60 ára og eldri	141	60,3%	39,7%
Búseta***			
Höfuðborgarsvæðið	408	67,4%	32,6%
Landsbyggðin	267	51,3%	48,7%
Menntun***			
Almennt nám	214	50,0%	50,0%
Starfsnám / iðnnám	142	59,2%	40,8%
Bóklegt framhaldsnám	104	69,2%	30,8%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	222	69,4%	30,6%
Starf***			
Verka- / þjónustufólk	112	45,5%	54,5%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	97	59,8%	40,2%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	44	52,3%	47,7%
Skrifstofustörf	62	69,4%	30,6%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	130	71,5%	28,5%
Stjórnunarstörf	45	75,6%	24,4%
Nemi / heimavinnandi	110	67,3%	32,7%
Bótaþegar	72	51,4%	48,6%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$


Þeir sem höfðu heimsótt sögustaði voru spurðir hversu oft þeir hefðu heimsótt slíka staði. Tafla 22 sýnir að 27% svarenda höfðu heimsótt einn sögustað, fjórðungur hafði farið í tvær heimsóknir á sögustaði og svipað hlutfall hafði farið í þrjár til fjórar heimsóknir eða fimm sinnum eða oftar. Hlutfallslega flestir þeirra sem höfðu farið þrisvar eða oftar á sögustaði voru í aldurshópunum 30 til 39 ára og 50 til 59 ára (60 – 64%) en mun færri í aldurshópunum 18 til 29 ára höfðu heimsótt sögustaði svo oft á undangengnum 12 mánuðum. Meira var um að landsbyggðarfólk hefði einungis heimsótt einn sögustað en höfuðborgarbúar og að sama skapi voru hlutfallslega fleiri höfuðborgarbúar sem höfðu farið þrisvar eða oftar á slíka staði, eða 52% á móti 43% landsbyggðarfólks. Þeir sem höfðu lokið almennu námi voru í hópi þeirra sem höfðu hvað síst sótt marga sögustaði, en 36% þeirra höfðu sótt slíka staði þrisvar eða oftar samanborið við 64% háskólamenntaðra. Þá var nokkuð mismunandi eftir starfsstéttum hversu oft fólk hefði heimsótt sögustaði á undangengnum 12 mánuðum. Til að mynda höfðu 67 til 70% stjórnenda og sérmenntaðra og tækna sótt sögustaði þrisvar sinnum eða oftar en hlutfallið var mun lægra í öðrum starfsstéttum.

Tafla 22. Hversu oft heimsóttir þú sögustaði?

	Fjöldi	Einu sinni	Tvisvar	Þrisvar til fjórum sinnum	Fimm sinnum eða oftar
Heild	421	27,1%	23,3%	25,2%	24,5%
Kyn					
Karl	183	27,3%	23,0%	21,9%	27,9%
Kona	237	26,6%	23,6%	27,8%	21,9%
Aldur*					
18 - 29 ára	80	40,0%	25,0%	15,0%	20,0%
30 - 39 ára	70	21,4%	14,3%	32,9%	31,4%
40 - 49 ára	96	30,2%	25,0%	19,8%	25,0%
50 - 59 ára	88	20,5%	19,3%	33,0%	27,3%
60 ára og eldri	85	22,4%	31,8%	25,9%	20,0%
Búseta*					
Höfuðborgarsvæðið	274	23,7%	24,1%	28,1%	24,1%
Landsbyggðin	136	34,6%	22,1%	17,6%	25,7%
Menntun***					
Almennt nám	107	35,5%	29,0%	21,5%	14,0%
Starfsnám / iðnnám	84	29,8%	23,8%	17,9%	28,6%
Bóklegt framhaldsnám	71	35,2%	21,1%	18,3%	25,4%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	153	15,0%	20,9%	34,6%	29,4%
Starf***					
Verka- / þjónustufólk	51	37,3%	25,5%	17,6%	19,6%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	58	22,4%	20,7%	22,4%	34,5%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	22	31,8%	31,8%	22,7%	13,6%
Skrifstofustörf	42	19,0%	40,5%	21,4%	19,0%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	93	15,1%	18,3%	35,5%	31,2%
Stjórnunarstörf	34	17,6%	11,8%	32,4%	38,2%
Nemi / heimavinnandi	74	44,6%	21,6%	14,9%	18,9%
Bótaþegar	37	29,7%	32,4%	27,0%	10,8%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Þeir sem höfðu heimsótt sögustað/i voru beðnir að gefa dæmi um þá staði sem þeir heimsóttu. Um opna spurningu var að ræða. Mynd 8 sýnir algengustu svör þátttakenda. Hlutfallslega flestir nefndu Þingvelli en einnig var nokkuð um að svarendur hefðu heimsótt Reykholt, Hóla og Skálholt. Lista yfir annað sem nefnt var er að finna í viðauka 5.



Mynd 8. Getur þú gefið dæmi um sögustað/i sem þú heimsóttir?

Tafla 23 sýnir að meirihluti svarenda, eða 55%, hafði farið á menningarhátíð eða útihátíð á síðustu 12 mánuðum. Hlutfallslega flestir þeirra sem höfðu farið á slíkar hátíðir voru á aldrinum 18 til 29 ára (62%) en svarendur 60 ára og eldri voru síst líklegir til að hafa farið á menningarhátíð eða útihátíð (44%). Um 60% svarenda af landsbyggðinni höfðu farið á menningarhátíð eða útihátíð á tímabilinu en hið sama átti við um 51% svarenda af höfuðborgarsvæðinu. Þá má nefna að sérmenntað starfsfólk og tæknar (64%) annars vegar og nemi og heimavinnandi (61%) hins vegar voru líklegri til að hafa sótt menningarhátíð eða útihátíð á síðastliðnum 12 mánuðum en fólk sem tilheyrði öðrum starfsstéttum.

Tafla 23. Fórst þú á menningarhátíð eða útihátíð síðustu 12 mánuði?

	Fjöldi	Já	Nei
Heild			
	691	54,6%	45,4%
Kyn			
Karl	314	51,0%	49,0%
Kona	375	57,3%	42,7%
Aldur*			
18 - 29 ára	138	62,3%	37,7%
30 - 39 ára	112	58,9%	41,1%
40 - 49 ára	149	51,7%	48,3%
50 - 59 ára	147	55,8%	44,2%
60 ára og eldri	142	44,4%	55,6%
Búseta*			
Höfuðborgarsvæðið	407	51,4%	48,6%
Landsbyggðin	268	59,7%	40,3%
Menntun			
Almennt nám	214	52,8%	47,2%
Starfsnám / iðnnám	141	48,2%	51,8%
Bóklegt framhaldsnám	104	60,6%	39,4%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	223	57,8%	42,2%
Starf*			
Verka- / þjónustufólk	113	54,9%	45,1%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	96	52,1%	47,9%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	44	43,2%	56,8%
Skrifstofustörf	62	54,8%	45,2%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	130	63,8%	36,2%
Stjórnunarstörf	45	40,0%	60,0%
Nemi / heimavinnandi	109	60,6%	39,4%
Bótáþegar	73	45,2%	54,8%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$


Þeir sem höfðu farið á menningarhátíð eða útihátíð voru spurðir hversu oft þeir hefðu farið á slíka hátíð undangengna 12 mánuði. Tafla 24 sýnir að algengast var að fólk hefði einungis sótt eina menningar- eða útihátíð. Einungis 16% svarenda hafði farið á slíka hátíð oft en tvisvar sinnum. Svarendur á aldrinum 18 til 29 ára höfðu sótt fleiri menningar- eða útihátíðir en eldri svarendur. Til að mynda hafði 30% þeirra sótt slíkar hátíðir þrisvar sinnum eða oft undangengna 12 mánuði samanborið við 9 til 15% þeirra sem eldri eru.

Tafla 24. Hversu oft fórst þú á menningarhátíð eða útihátíð?

	Fjöldi	Einu sinni	Tvisvar	Þrisvar sinnum eða oft
Heild				
	375	55,7%	28,3%	16,0%
Kyn				
Karl	160	57,5%	25,6%	16,9%
Kona	213	54,9%	29,6%	15,5%
Aldur**				
18 - 29 ára	86	39,5%	30,2%	30,2%
30 - 39 ára	65	56,9%	29,2%	13,8%
40 - 49 ára	77	62,3%	28,6%	9,1%
50 - 59 ára	82	61,0%	24,4%	14,6%
60 ára og eldri	62	62,9%	27,4%	9,7%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	208	57,2%	28,4%	14,4%
Landsbyggðin	159	53,5%	28,3%	18,2%
Menntun				
Almennt nám	112	50,9%	28,6%	20,5%
Starfsnám / iðnnám	68	58,8%	32,4%	8,8%
Bóklegt framhaldsnám	63	58,7%	27,0%	14,3%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	128	57,0%	26,6%	16,4%
Starf				
Verka- / þjónustufólk	62	54,8%	32,3%	12,9%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	50	62,0%	28,0%	10,0%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	18	55,6%	38,9%	5,6%
Skrifstofustörf	34	52,9%	26,5%	20,6%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	82	51,2%	31,7%	17,1%
Stjórnunarstörf	18	77,8%	5,6%	16,7%
Nemi / heimavinnandi	66	45,5%	31,8%	22,7%
Bótabegar	33	69,7%	18,2%	12,1%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Þeir sem höfðu farið á menningarhátíð eða útihátíð voru spurðir hvers konar hátíð þeir fóru á. Mynd 9 sýnir að hlutfallslega flestir höfðu farið á bæjarhátíð (72%). Stór hópur hafði farið á útihátíð (42%) og fjórðungur hafði farið á listahátíð. Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er samanlagt hlutfall hærra en 100%. Lista yfir svör þeirra sem höfðu farið á annars konar menningar- eða útihátíð en listahátíð, bæjarhátíð eða útihátíð er að finna í viðauka 6.



Mynd 9. Hvers konar menningarhátíð eða útihátíð fórst þú á?

Innan við helmingur svarenda (34%) hafði sótt íþróttaviðburð á síðustu 12 mánuðum. Hlutfallslega fleiri karlar en konur höfðu sótt íþróttaviðburð og það hafði fólk undir fertugu einnig frekar gert (50 – 53%) en eldri svarendur (20 – 38%). Hlutfallslega flestir þeirra sem sótt höfðu íþróttaviðburð gegndu stjórnunarstörfum (55%) en einungis 18% bótaþega höfðu sótt íþróttaviðburð (sjá töflu 25).

Tafla 25. Sóttir þú íþróttaviðburð síðustu 12 mánuði?

	Fjöldi	Já	Nei
Heild			
	692	37,7%	62,3%
Kyn***			
Karl	316	47,8%	52,2%
Kona	374	29,1%	70,9%
Aldur***			
18 - 29 ára	139	53,2%	46,8%
30 - 39 ára	113	49,6%	50,4%
40 - 49 ára	149	38,3%	61,7%
50 - 59 ára	146	29,5%	70,5%
60 ára og eldri	142	20,4%	79,6%
Búseta			
Höfuðborgarsvæðið	408	37,7%	62,3%
Landsbyggðin	268	37,7%	62,3%
Menntun			
Almennt nám	215	31,6%	68,4%
Starfsnám / iðnnám	142	37,3%	62,7%
Bóklegt framhaldsnám	103	42,7%	57,3%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	223	41,3%	58,7%
Starf**			
Verka- / þjónustufólk	113	31,9%	68,1%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	97	37,1%	62,9%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	44	43,2%	56,8%
Skrifstofustörf	62	38,7%	61,3%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	130	40,8%	59,2%
Stjórnunarstörf	45	55,6%	44,4%
Nemi / heimavinnandi	109	45,9%	54,1%
Bótaþegar	73	17,8%	82,2%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$


Þeir sem höfðu sótt íþróttaviðburð voru spurðir hversu oft þeir hefðu sótt slíkan viðburð. Tafla 26 sýnir að meirihluti svarenda hafði farið fimm sinnum eða oftár á íþróttaviðburð á síðustu 12 mánuðum (54%). Hlutfallslega fleiri karlar en konur höfðu farið svo oft á íþróttaviðburð á tímabilinu, eða 58% karla samanborið við 48% kvenna.

Tafla 26. Hversu oft sóttir þú íþróttaviðburð?

	Fjöldi	Einu sinni	Tvisvar	Þrisvar til fjórum sinnum	Fimm sinnum eða oftár
Heild	261	18,0%	13,8%	14,2%	54,0%
Kyn*					
Karl	151	12,6%	13,2%	15,9%	58,3%
Kona	109	25,7%	14,7%	11,9%	47,7%
Aldur					
18 - 29 ára	74	10,8%	20,3%	10,8%	58,1%
30 - 39 ára	56	17,9%	12,5%	12,5%	57,1%
40 - 49 ára	57	14,0%	8,8%	17,5%	59,6%
50 - 59 ára	43	34,9%	9,3%	16,3%	39,5%
60 ára og eldri	29	20,7%	17,2%	17,2%	44,8%
Búseta					
Höfuðborgarsvæðið	154	14,9%	16,2%	13,0%	55,8%
Landsbyggðin	101	23,8%	9,9%	14,9%	51,5%
Menntun					
Almennt nám	68	22,1%	14,7%	13,2%	50,0%
Starfsnám / iðnnám	53	17,0%	11,3%	18,9%	52,8%
Bóklegt framhaldsnám	44	6,8%	18,2%	11,4%	63,6%
Háskólanám / sérskólanám á háskólastigi	92	20,7%	12,0%	14,1%	53,3%
Starf^ó					
Verka- / þjónustufólk	36	11,1%	19,4%	19,4%	50,0%
Faglærð iðnaðarstörf og sérhæfð störf	36	16,7%	8,3%	16,7%	58,3%
Störf í landbúnaði og sjávarútvegi	19	21,1%	10,5%	10,5%	57,9%
Skrifstofustörf	24	20,8%	0,0%	16,7%	62,5%
Sérmenntað starfsfólk og tæknar	53	24,5%	9,4%	11,3%	54,7%
Stjórnunarstörf	25	12,0%	20,0%	24,0%	44,0%
Nemi / heimavinnandi	50	14,0%	22,0%	6,0%	58,0%
Bótaþegar	13	23,1%	15,4%	15,4%	46,2%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Þeir sem höfðu sótt íþróttaviðburð voru spurðir hvers konar viðburð/i þeir hefðu aðallega sótt. Mynd 10 sýnir að mikill meirihluti hafði farið á boltaíþróttaviðburð, eða 80% svarenda. Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er samanlagt hlutfall hærra en 100%. Í viðauka 7 er að finna svör þeirra sem nefndu annars konar íþróttaviðburði en þá sem myndin sýnir.



Mynd 10. Hvers konar íþróttaviðburð/i sóttir þú aðallega?

Bóklestur


Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu lesið bók sér til ánægju síðastliðna 12 mánuði. Tafla 27 sýnir að mikill meirihluti hafði gert það, eða 82% svarenda. Hlutfallslega fleiri konur (90%) en karlar (73%) höfðu lesið bók sér til ánægju og hlutfallið sem hafði lesið bók á tímabilinu jókst með aldri. Háskólamenntaðir höfðu frekar lesið bók sér til ánægju (94%) en þeir sem höfðu styttri menntun að baki (76 – 81%). Þá höfðu stjórnendur, sérmenntaðir og tæknar sem og skrifstofufólk (89 – 92%) frekar lesið bók sér til ánægju en fólk úr öðrum starfsgreinum (71 – 82%).

